

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 25. janúar 2018  
UST201801-230/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka – Seljalandsheiðarnáma. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um tiltölulega litla efnistöku að ræða í samanburði við þá efnistöku sem fram fór í námunni við gerð Landeyjarhafnar. Námuvegur, plön fyrir aðstöðu verktaka og lagersvæði eru fyrir hendi, þannig að hér er um óverulega viðbót við umhverfisáhrif sem þegar eru fram komin.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.


Hins vegar telur Umhverfisstofnun að þar sem ekki hefur verið ákveðið enn hvernig efnistökunni verður háttað ætti að nota tækifærið og skilgreina hvernig vinnslu verði best hagað í framtíðinni því mögulegt ætti að vera að ganga „endanlega“ frá þeim hluta námunnar sem ekki verður nýttur frekar. Þar sem hér er um fremur litla framkvæmd að ræða rúmast ekki miklar aðgerðir í frágangi innan hennar. Hins vegar mætti nota það svigrúm sem fyrir hendi er til að skilgreina nánar hvort ástæða sé til að ráðast í frekari frágang við námunna í framtíðinni.

Einnig ætti að huga að lagfæringum námuvegjar þar sem runnið hefur úr veginum.

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri